



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

14. tölublað, 2. árgangur, október 2013 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Drepið á vélinni!



Vísa október

Hver er sá veggur

Hver er sá veggur

víður og hár
veglega settur
röndum?

Gulur, rauður, grænn
og blár
gerður af meistara
höndum.



Pakkir til foreldra

Takk **Agnes, Ólafur**
og **Sigurþór** fyrir að
gæta barnanna á meðan
starfsfólk hélt námskeið
og fund. Takk **Kristín**
Dögg fyrir að gista
með 5.-7. bekk.

Kæra skólasamfélag

Tíminn hreinlega flýgur áfram. 4. og 7. bekkur búinn að ljúka samræmdum prófum, samvinna milli skólastiga gengur vel og elstu börn skólans fengu að gista í skólanum enda hvergi betra að vera. Nýr nemandi byrjaði á Kötlukoti í lok september en það er hann Linus Daniel og bjóðum við hann velkominn til okkar. Framundan er skemmtilegur októbermánuður þar sem allir eiga eftir að mæta í náttfötum, ræða saman á þingi og fara síðan í gott vetrarfrí. Það er alltaf nóg að gera í skólanum okkar og vonandi verðum við farin að skarta nýju og fallegu merki skólans á fréttabréfinu okkar áður en langt um líður.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Foreldraviðtöl verða á Kötlukoti 7.-8. október. Í fyrstu viku október mun listi með viðtalsboðun hanga uppi á töflu á Kötlukoti. Mikilvægt er að foreldrar láti vita sem fyrst ef tíminn hentar ekki. Í þessum viðtölum förum við yfir einstaklingsmarkmið hjá hverju og einu barni, yfirförum dvalarsamning ofl. Viðtölin taka stuttan tíma en mikilvægt er að foreldrar sjái sér fært um að mæta svo samstarfið verði enn öflugra hjá okkur.



Matarmál

Nýr skóli þarf sífellt að leita leiða til að gera betur og öll vitum við hversu maturinn er okkur mikilvægur en jafnframt vitum við að við erum ólík og alls ekki sammála um hvernig matartímar eigi að vera. Til þess að samræma okkur hef ég sett saman drög að viðmiðum út frá Landlæknisembættinu og viðmiðum skólans í skólanámskrá. Þetta er gert til að allir nemendur fái sömu skilaboð og sitji við sama borð á sínum forsendum. Vinsamlegast skoðið drögin gaumgæfilega og sendið mér ábendingar. Ef engin ábending berst lít ég svo á að skjalið sé gott og gilt. Það eru mikilvægir punktar í skjalinu sem foreldrar þurfa að vita. [Sjá hér!](#)

Skólalöng 17. október

Í apríl unnu nemendur ýmis verkefni um skólann sinn þar sem markmiðið var að nemendur hefðu áhrif á skólann á lýðræðislegan hátt og þær ákvarðanir sem eru teknar, enda mikilvægt að raddir nemenda og skoðanir séu virtar. Ýmislegt sem þar kom fram er komið til framkvæmda til þess að bæta námsumhverfið. Fimmtudaginn 17. október höldum við annað skólalöng frá 1210-1330 þar sem nemendur fá tækifæri til þess að koma með tillögur að mótun skólans. Kennarar hvers hóps útfæra vinnuna nánar. Einn af grunnþáttum menntunar er einmitt Lýðræði og mannréttindi og skólalöng er í þeim anda. Lýðræði snýst ekki um að sigra heldur um að taka þátt, það snýst ekki um samkeppni heldur um samvinnu. Og ef það á að vera réttlátt þá þurfa allir að hafa jafna möguleika til þátttöku þrátt fyrir að búa yfir misjöfnum burðum til þátttöku.



Allt um skólalöngið í apríl má [lesa á heimasíðunni](#)

Lokanir í október

Föstudaginn 4. október er ráðstefna og skólinn lokaður

Mánudaginn 28. og þriðjudaginn 29. október er vetrarfrí og skólinn lokaður.



Samkeppni um merki skólans **++**++**????

Skóla- og foreldraráð fundaði í lok september og þar var ákveðið að efna til samkeppni um merki skólans. Allir nemendur, starfsfólk, foreldrar og aðrir velunnarar skólans mega taka þátt í samkeppninni. Mikilvægt er að merkið höfði m.a. til [hornsteina skólans](#), til umhverfisins eða staðhátta eða á einn eða annan hátt sé táknrænt fyrir Árskógar skóla. Skóla- og foreldraráð situr í dómnefnd og áskilur sér rétt til að velja eða hafna öllum tillögum eða útfæra ákveðnar tillögur nánar. **Tillögum skal skila fyrir 1. nóvember 2013 og skila til skólastjóra.**

Opnunartími og skóladagatal

Árskógar skóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:15.

Vinsamlegast kynnið ykkur [skóladagatal 2013-2014](#) svo allt sé á hreinu!



Myndir á heimasíðu undir myndasafn (lykilorðið er bíll)!

Viðburðadagatal október 2013

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
	1	2	3	4 Ráðstefna Skóli lokaður	5	6
7 Foreldraviðtöl Kötlukot 	8 Foreldraviðtöl Kötlukot 	9  Fannar Ingi 7 ára	10 Náttfatadagur Allir í náttfötum 	11	12	13  Hafrún Mist 11 ára
14	15  Aníta Rut 10 ára	16  Marinó Steinn 4 ára	17 Skólaþing 12:10-13:30 	18  Ólafur Árni 3 ára	19	20
21 Dótadagur á Kötlukoti 	22	23	24	25	26	27  Eyþór 5 ára
28 Vetrarfrí Skóli lokaður	29 Vetrarfrí Skóli lokaður	30	31			